

Reykjavík, 29. október 2019

Samkomulag um sátt vegna brota Kviku banka hf.

Hinn 19. september 2019 gerðu Fjármálaeftirlitið og Kvika banki hf. (Kvika, málsaðili) með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brota gegn 2. mgr. 21. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (fftl.).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 2. mgr. 21. gr. fftl. með því að hafa ekki tilkynnt um fyrirhugaða hliðarstarfsemi bankans.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 3.000.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Kvika hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. fftl. Starfsheimildir viðskiptabanka eru taldar upp í 1. mgr. 20. gr. fftl. Starfsemi banka getur, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 21. gr. fftl., einnig tekið til starfsemi sem er í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins, og er slík starfsemi almennt nefnd hliðarstarfsemi.

Helstu skilyrði þess að viðskiptabanki megi stunda hliðarstarfsemi eru annars vegar að starfsemin sé í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins, og hins vegar að Fjármálaeftirlitinu sé send tilkynning um starfsemina sem fyrirhuguð er.

Auk þessara sérstöku tilkynninga, sem ber að skila inn í hvert skipti sem hliðarstarfsemi er fyrirhuguð, skilar bankinn tvisvar á ári inn yfirlitsskýrslu um starfsemi samkvæmt 20., 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Miðast skýrslurnar við stöðuna 30. júní eða 31. desember. Við yfirferð á skýrslu, dags. 3. febrúar 2019, kom í ljós að á listanum yfir hliðarstarfsemi samkvæmt 21. gr. fftl. var að finna sjö félög sem Fjármálaeftirlitinu hafði ekki verið tilkynnt sérstaklega um áður en starfsemin hófst.

Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 21. gr. fftl. er fjallað um starfsemi sem er í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþjónustukjara. Nefnist það hliðarstarfsemi. Í ákvæðinu segir:

Auk þjónustu skv. 20. gr. er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþjónustukjara heimilt að stunda hliðarstarfsemi, enda sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar tekur einnig til þess þegar fjármálafyrirtæki á eignarhlut í eða er þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi. Senda skal tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins ef fyrirhugað er að stunda starfsemi samkvæmt þessari málsgrein. Með slíkri tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um hina fyrirhuguðu starfsemi sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi. Hafi Fjármálaeftirlitið ekki gert athugasemd við hina fyrirhuguðu starfsemi innan eins mánaðar frá því að fullnægjandi tilkynning berst skal litið svo á



að heimilt sé að hefja starfsemina. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að starfsemin sé stunduð í sérstöku félagi, en skal þá tilkynna viðkomandi aðila um þá ákvörðun sína innan fyrrgreinds frests. Sé vanrækt að senda tilkynningu samkvæmt þessari málsgrein getur Fjármálaeftirlitið bannað starfsemina eða krafist þess að hún sé stunduð í sérstöku félagi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki segir að eðlilegt þygi að gera þá kröfu að fjármálafyrirtæki sem hyggst fara út í hliðarstarfsemi eða kaupa eignarhlut í fyrirtæki í annarri atvinnustarfsemi upplýsi Fjármálaeftirlitið um það með sérstakri tilkynningu.

Leiðbeiningar um hvernig tilkynna á hliðarstarfsemi samkvæmt 2. mgr. 21. gr. ffl. er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Þar er m.a. að finna eyðublað sem nota má við tilkynningu á hliðarstarfsemi til eftirlitsins.

Brot á 2. mgr. 21. gr. laga um fjármálafyrirtæki getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 110. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 2. mgr. 21. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 111. gr. laganna og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 326/2019. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 3. mgr. 110. gr. ffl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislega áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að málsaðili lét hjá líða að tilkynna stofnuninni um hliðarstarfsemi í sjö félögum. Þar með var Fjármálaeftirlitinu gert erfiðara um vik með að hafa yfirsýn yfir starfsemi málsaðila og gera, ef tilefni væri til, athugasemd við hliðarstarfsemi hans. Þá er litið til þess að á síðustu fimm árum hefur málsaðili í tvígang gerst brotlegur við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki sem lokið var með samkomulagi um sátt. Til mildunar horfir að í öllum tilvikum var um að ræða hliðarstarfsemi sem uppfyllti skilyrði laga.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, stærðar málsaðilans, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt á síðari stigum málsins, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 3.000.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 111. gr. laga um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 326/2019.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.